

FUNDARGERÐ

57. fundur stjórnar FUM, Félags um menntarannsóknir, haldinn mánudaginn, 28. janúar 2008, kl. 15:30, í húsnæði K.H.Í., Bolholti 6, Reykjavík.

Fundinn sátu: Amalía Björnsdóttir, formaður, Eyrún Rúnarsdóttir, Meyvant Þórólfsson, Ragnar Ólafsson, Sigurlína Davíðsdóttir og Gerður G. Óskarsdóttir sem ritaði fundargerð. Sigurjón Mýrdal boðaði forföll.

Tekið fyrir:

1. Fundargerð síðasta fundar. Fundargerðin samþykkt.
2. Ráðstefna FUM sem haldin verður, 23. febrúar nk. Formaður gerði grein fyrir vinnu undirbúningshóps og lagði fram drög að dagskrá. Sett verður upp vefsíða ráðstefnunnar og verða ágríp af fyrirlestrum aðgengileg þar. Stjórnarmenn tóku að sér að stýra málstofum.
3. Tímariti FUM - ritnefnd. Rætt um aðila í nýja ritstjórn tímaritsins.
4. Aðalfundur FUM. Samþykkt að aðalfundur félagsins verði haldinn fimmtudaginn 13. mars nk., kl. 16:00, en í lögum félagsins segir að aðalfundur skuli haldinn árlega fyrir 15. mars.
5. Umsagnir um lagafrumvörp. Formaður kynnti athugasemdir frá félögum sem borist hafa um þau fjögur frumvörp sem um ræðir, þ.e. um leikskóla, grunnskóla, framhaldsskóla og menntun og ráðningu kennara og skólastjóra við leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla. Fyrir fundinum lágu drög að umsögnum um þessi fjögur frumvörp og tóku einstakir stjórnarmenn að sér að ganga frá þeim á grunni umræðna á fundinum.
6. Næsti fundur stjórnar ákveðinn mánudaginn 3. mars, kl. 15:30, í Bolholti 6.

Fleira ekki tekið fyrir, fundi slitið kl. 18:00.
G.G.Ó.